



22110137



ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Wednesday 11 May 2011 (morning)
Mercredi 11 mai 2011 (matin)
Miércoles 11 de mayo de 2011 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

Það var einn morgun snemma vors fyrir nokkrum áratugum, að ég drakk nýmjólk úr rósóttri krukku, sem fóstura mín hafði gefið mér á jólnunum, en hljóp síðan snöggklæddur út á hlað og gleymdi að þurrka mér um munninn. Ég ætla ekki að reyna að lýsa því hvernig jökullinn kom mér fyrir sjónir þennan morgun, þar sem hann bar við himin fjarst í austri, né skýin yfir jöklinum, hvít og gljúp, né marautt fjallið okkar með grænum mosageirum og dimmbláum klettum. Jafnvel sinugrátt engið, lyngholtin og fljótið urðu mér slík vitrun, að ég stóð á öndinni langa stund, gagntekinn af nýstárleika himins og jarðar. Guð hafði farið höndum um heiminn í nótt og breytt honum öllum – nema hvað gljúfrið í vesturhlíð fjallsins var jafn myrkt og geigvænlegt eins og endranær. Mér hafði ævinlega staðið stuggur af þessu gljúfri, enda hrapað fram af barmi þess í draumi og hrokkið upp með andfælum. Það var dálítið undarlegt, að guð skyldi ekki hafa breytt því líka meðan aðrir sváfu.

Þegar ég stóð nú þarna á bæjarhellunni og ætlaði að fara að kasta tölu á fifla og sóleyjar, sem hafði skotið upp úr varpanum síðan í gær, þá heyrði ég skyndilega fjaðrabýt og söng yfir höfði mér. Tvær álfir stefndu til norðurs, bjartari en skýin yfir jöklinum, svámu tignarlega bláleita lognmóðuna eins og vængjaðar sólar, ræddust við syngjandi á morgunflugi til fjarlæggra vatna lengst inni á öræfum. Ég starði á eftir þeim öldungis frá mér numinn, unz þær hurfu bak við ása og bungur handan fljótsins. Þær voru öðruvísi en allar álfir sem ég hafði séð: Guð hafði farið um þær höndum í nótt – eins og hann fór höndum um mig á þessari stundu. Ég fann sem sé allt í einu, að annaðhvort var ég breyttur eða í þann veginn að breytast: Ósýnilegir fingur höfðu mig að hljóðfæri og léku á mig kynlegt tónverk, sem ég reyndi af öllum mætti að skilja. Ég lokaði augunum, ef vera kynni að boðskapur þessara óvæntu hljóma yrði mér ljósari. Síðan var ég ekki lengur í vafa: Það söng og kliðaði í mér öllum, að ég yrði að vinna mér eitthvað til frægðar, drýgja einhverjar dáðir. En hvernig ég ætti að fara að því, það lét hljóðfæraleikarinn ósagt.

Ég réðst tafarlaust á hestasteininn, en fékk ekki einu sinni bifað honum. Ég rauk á gamla tunnu og velti henni nokkurn spöl. Ég stökk upp á bæjarkampinn, baðaði öllum öngum og reyndi hvað eftir annað að fljúga, en féll einlægt til jarðar og hrumlaði mig loks á lófanum. Ég ætlaði að hoppa yfir kálgarðsvegginn, þar sem hann var hæstur, en missti fótanna og sleit af mér tölu. Í sömu svifum var kallað á mig innan úr bænum. Steini, Steini, sagði fóstura mín, þú átt að fara í peysuna þína!

Ég horfði á himininn, jökulinn og fjallið, en gekk síðan inn til fósturu.

Þurrkaðu þér um munninn drengur, sagði hún.

Ég tvísté við hlið henni og bað hana að festa á mig töluna; en þegar hún spurði hvernig ég hefði farið að því að slíta hana af mér, þá sagði ég henni ekki eins og var, að guð hefði vakað í nótt og breytt heiminum, snortið mig um leið og ég kom út, haft mig að hljóðfæri og leikið á mig kynlegt tónverk. Ég sagði einungis, að ég hefði ætlað að hoppa yfir kálgarðsvegginn.

Það var þér líkt, sagði hún. Af hverju ertu svona hrumlaður á lófanum?

Ég var að reyna að fljúga.

Fóstura mín þræddi nálina og hló við. Það var þér líkt, sagði hún aftur. Blessaður unginn.

Hún festi á mig töluna og batt um lófann á mér, en ég hélt áfram að velta því fyrir mér, hvað ég gæti gert mér til frægðar.

Hvað get ég gert? sagði ég. Mig langar til að gera eitthvað.

Það var þér líkt, sagði fóstura. Ertu búinn að moka fjósið?

Nei, sagði ég. Mig langar til að gera eitthvað mikið.

- Blessaður unginn, sagði fóstura. Bráðum færðu að reka kýrnar á hverjum morgni.
- 45 Í fyrsta skipti á ævi minni skynjaði ég tímann, eða réttara sagt brot af lögmáli hans. Klukkan tifaði án afláts, löng stund var liðin síðan guð lék á mig boðskap í tónum – og enn hafði ég ekki komið neinu í verk, einungis reynt að fljúga, glímt við stein, velt tunnu, hoppað og dottið. Ég ákvað að leita ráða hjá fóstura mínum og þaut út á hlað. En meðan ég var að svipast eftir honum, rann það allt í einu upp fyrir mér, hvað ég gæti gert mér til frægðar.
- 50 Fósturi, sagði ég með andköfum, ég ætla að fara upp á fjall!
Fósturi tók í nefið og kímndi í kampinn. Á, sagði hann, hvaða erindi áttu þangað?
Ég ætla að hlaða vörðu!

Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Gömul frásaga* (1954)

2.

**Konan
sem skúrar stjörnuturninn**

- Konan sem skúrar stjörnuturninn
undir miðnætti á föstudagskvöldum
laumast alltaf í stóra kíkinn
þegar vísindastrákarnir skreppa í kaffi
- 5 og rýnir í myrkrið eftir stjörnunum
sem skínu skærast þegar hún var enn ljóshærð
og grönn
- Og konan sem skúrar stjörnuturninn –
hún horfir
- 10 og starir
og glápir
og blínir
en aldrei sér hún Errol Flynn bregða fyrir
eitt augnablik – hvað þá Bogart eða Clark Gable
- 15 En konan sem skúrar stjörnuturninn
kiknar samt alltaf í hjáliðunum
föstudagskvöld eftir föstudagskvöld
því alltaf skal hann hanga þarna
og fara um hana öllum þessum
- 20 síblikkandi augum
- þessi ungi, myndarlegi, óskammfeilni
alheimur

Ísak Harðarson, *Síðustu hugmyndir fiska um líf á þurru* (1989)